



**Fundargerð**  
**Framkvæmdaráð SSA**  
**18. júní kl. 13.00**

**Fundarsalur Þróunarfélagsins Miðvangi Egilsstöðum**

Mættir eru : Bj. Hafþór Guðmundsson, Valdimar O. Hermannsson og Guðmundur Ólafsson . Framkvæmdastjóri er mættur.

Formaður setti fund og gengið var til fyrir liggjandi dagskrár.

**1. Fundargerð stjórnar SSA 17.maí 2010.**

Í umræðum um 8. lið var samþykkt að ganga frá auglýsingu um starf framkvæmdastjóra um helgina með umsóknarfresti til 15.júlí nk. Form. vinni umsóknina í samráði við framkvæmdastjóra , VOH og GÓ : Formaður tekur við umsóknum. Auglýsingin fari í Dagskrána –Austurgluggann og Morgunblaðið. Fundargerðin síðan staðfest.

1/2 Form og framkvæmdastjóri í Reykjavík 1.-2. Júní.

Formaður og framkvæmdastjóri sögðu frá því að þeir hafi verið hjá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra 1. júní sl og hjá Samgöngunefnd Alþingis 2. júní. sl. Hjá ráðherra Kristjáni Möller ,þar sem einnig var mættur skrifstofustjóri Hermann Sæmundsson, var farið yfir umsögn stjórnar SSA við samgönguáætlun. Þar er hlutur Austurlands rýr. Einnig rætt um misvísandi áherslur/skilaboð Iðnaðarráðuneytis ( Byggðaáætlun) annarsvegar þar sem miðstýring ræður ríkjum og Sveitarstjórnarráðuneytisins og 20/20 sóknaráætlunar hinsvegar þar sem lögð er áhersla á að styrkja og efla sveitarfélögin og landshlutasamtök þeirra. Ráðherra sagði að í ráðuneytinu væri unnið samkvæmt áætlun með verkefnið Nýjar leiðir í eflingu sveitarstjórnarstigsins. Hann muni kynna tillögur á landsþinginu í haust. Endurskoðunarnefnd Jöfnunar sjóðs hefur skilað tillögum sínum til ráðherra og er hann með þær til skoðunar. Verði þær breytingar að veruleika munu þær styrkja sameiningarferlin. Farið var yfir stöðuna í verkefni SSA „Austurland eitt sveitarfélaga“ og áhrif nýafstaðinna sveitarstjórnarkosninga á verkefnið. Hjá samgöngunefnd alþingis að morgni 2. júní var farið yfir helstu áherslur í umsögn SSA við samgönguáætlun 2009-2012. Lína okkar var skýr ,hlutur Austurlands er rýr, og ekki ásættanlegur. Formaður hitti svo Iðnaðarráðherra á meðan framkvæmdastjóri var á fundi í Sveitarstjórnarráðuneytinu með Hafliða –Hermann og Stefaníu í samstarfsverkefninu Au1.

**2. Frá Landshlutasamtökum :**

2/1 Fundargerð LHSS sumarfundur Borgarnesi 03.06.10.

Formaður sagði frá því helsta sem fram fór á sumarfundinum. En rætt var um eflingu sveitarstjórnarstigsins og stækkun sveitarfélaga. Fyrir liggur að áhugi fyrir sameingum er mismunandi eftir landshlutum. Hlutverk landshlutasamtakanna í 20/20 Sóknaráætlun var einnig rætt og þátttaka landshlutasamtakanna í EES-EFTA sveitarstjórnarvettvangi . Formaður stjórnar SSA er varamaður formanns FV í samstarfinu. Barnaverndarlögin voru rædd og áhrif þeirra á sveitarfélögin.

2/2 Eyþing 213.fundur 11. Maí 2010 .

Lagt fram til kynningar.

**3. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.**

3/1 Umsögn til barnaverndarlaga 557. mál (drög )

Lagt fram til kynningar :

3/2 Kostnaðaráhrif laga frá 2008 um leik og grunnskóla (17.05.10)

Lagt fram til kynningar.

#### 4. Að loknum sveitarstjórnarkosningum.

Farið var yfir stöðuna eftir ný afstaðnar sveitarstjórnarkosningar. Allmiklar breytingar hafa orðið, nýtt fólk kemur til starfa í mörgum sveitarstjórnnum og reynslumikið sveitarstjórnarfolk hverfur á braut. Framkvæmdastjóri hefur með pósti til aðildarsveitarfélaganna 31. maí sl. boðið nýtt sveitarstjórnarfolk velkomið til starfa og þakkað öðrum fyrir samstarfið.

#### 5. Staða verkefna SSA í sumarbyrjun.

A: Framtíðarskipulag samstarfs sveitarfélaga og stöðstofnana .

Formaður fór yfir stöðu verkefnisins : Hann ásamt framkvæmdastjóra kynntu sér fyrirkomulagið hjá SSNV , á sumarfundi LHSS 3.-4. Júní. Þeirra skipurit gerir ráð fyrir nánu samstarfi atvinnuþróunarfélags og menningarmála undir SSNV , þróunar - byggða og menningarmála. Það samstarf hefur reynst vel að sögn. Það er mat okkar að lausnin geti legið í slíku samstarfsskipuriti. Þarf að ræðast betur í starfshópnum, sem kallaður verður saman í byrjun júlí.

B: Nýjar leiðir í eflingu sveitarstjórnarstigsins. „Austurland eitt sv.fél.“ Framkvæmdastjóri fór yfir það helsta sem kom fram á fundum með ráðherra og fulltrúum Sveitarstjórnarráðuneytisins í verkefninu syðra 2. og 3. Júlí sl. ( sjá 1/2) Haflið hefur unnið með þeim í upplýsingaöflun úrvinnslu og samantekt fyrir starfshópinn. Hægt hefur á verkefninu m.a vegna sveitarstjórnarkosninganna. Það er mat formanns og framkvæmdastjóra að nú eftir sveitarstjórnarkosningarnar er nauðsynlegt að þeir heimsæki öll aðildarsveitarfélögin og fulltrúa þeirra til að kynna stöðuna í verkefnum A-B-C-D-E-F. Æskilegur tími er í byrjun júlí mánaðar.

C: Undirbúningur að yfirfærslu á málefnum fatlaðra.

Framkvæmdastjóri sagði verkefnið nær á áætlun. Fundur starfshópsins og hagsmunaðila er í næstu viku (23. Júní ). Þar munu félagsþjónustusvæðin tvö og svæðisskrifstofan byrja á því að kortleggja samstarfið og samvinnuna við yfirfærsluna. Ekkert hefur komið fram í upplýsingum frá stjórnvöldum eða vinnu starfshópsins sem bendir til þess að hætt verði við yfirfærsluna um nk. áramót. Starfshópurinn mun því vinna áfram samkvæmt samþykkt aukaáðalfundar SSA 19. apríl og verkáætlun sinni.

D: 20/20 Sóknaráætlun landshluta.

Framkvæmdastjóri og Hafliði ÞFA sátu fund í verkefnisstjórn landshluta 2. júní í forsætisráðuneytinu . Nú loksins hefur verkefnið fengið „heimili“ og er það vistað hjá forsætisráðuneytinu , þar sem ráðinn hefur verið forstöðumaður verkefnisins . Hann mun fljótlega halda fund með fulltrúum landshlutanna í verkefnisstjórn þar sem skýrð verða frekar næstu skref. Einnig var verkefnið til umræðu á sumarfundi LHSS 3. júní sl.

E: Söguritun samstarfs sveitarfélaga :Útgáfa sept. nk.

Framkvæmdastjóri sagði að söguritun og yfirlestri væri lokið . Umbrot langt komið og myndasöfnun á síðustu metrunum. Útgáfutími í september á því að geta staðist. Hann minnti á umræður og samþykkt í stjórn SSA 12. Apríl sl. (liður 9) varðandi fjármögnun útgáfunnar.

F: Aðalfundur SSA 24.-25. sept . nk.

Formaður upplýsti að allmargar beiðnir um kynningar á verkefnum sem snerta sérstaklega öll sveitarfélögin í landinu liggir fyrir og brýn verkefni SSA sem þurfa kynningu og umfjöllun Umræður urðu um hvernig koma mætti þessum kynningum fyrir í þéttsetinn dagskrá aðalfundar.

G: NAN nefnd og verkefni :Fundur með forst.m 5 „jaðarsveitarfélaga“.  
Upplýst var á fundinum að nýr starfsmaður (G.Ó ) hefur verið ráðinn til Nýsköpunarmiðstöðvar og hefur störf þar í ágúst.Hann þekkir vel til sveitarfélaga hér á Austurlandi og til vinnu og efnda varðandi verkefni Norð-austurnefndarinnar á sínum tíma. Formaður sagði að hann og framkvæmdastjóri muni á kynningarfundum með aðildarsveitarfélögunum þ.e. (jaðarsveitarfélögin 5) væntanlega í byrju júlímánaðar fara yfir stöðuna og hvernig best megi vinna málið áfram.

#### 6. Samgönguráðuneytið : Samgönguráð : Almennings-samgöngur.

6/1 Póstur ráðuneytis 28.05.10 og Þ.J til aðildarsveitarfélaga 28.05.10.  
Samgönguráðuneytið hefur óskað eftir fundi og samstarfi við SSA og ÞFA um almennings-samgöngur sem Samgönguráðuneytið vinnur nú sérstaklega með. Í stefnumótun ráðuneytisins er m.a gert ráð fyrir því „að komið verði upp samgöngumiðstöðvum á hverju svæði og að teknar verði upp viðræður við landshlutasamtök sveitarfélaga með það að markmiði að þau taki að sér almennings-samgöngur á sínu svæði“. Framkvæmdastjóri hefu óskað upplýsinga frá aðildarsveitarfélögum SSA sem tengjast verkefninu. Hann upplýsti að starfsmaður ÞFA, Ingigerður ,vinni sérstaklega með Evrópuverkefni í almennings-samgöngum ( Rual Transport Solution-publik transportation-W2 ) þar sem East Iceland þ.e. Fjarðabyggð og næsta nágrenni/landshlutinn er undir . Verkefnið fellur því vel að verkefni ráðuneytisins . Framkvæmdastjóri hefur því óskað eftir því að ÞFA ,Ingigerður og Haflið, komi með SSA í þessa vinnu. *Samþykkt* .

#### 7 Staða á vinnumarkaði í upphafi sumars:

Upplýsingar frá Vinnumálastofnun maí 2010.  
Atvinnuleitendum fækkar á Austurlandi og eru um 300 í maí . Hefur fækkað um 68 frá því í apríl.Atvinnuleysi á landinu öllu er um 8.3% eða 14.867 einstaklingar. Á Austurlandi 4.3% Mest er atv.leysið á Suðurnesjum 13.5%.

#### 8. Bréf og aðrar upplýsingar :

8/1 HAUST júní 2010 : Kynning til sveitarstjórnarmanna.  
Lagt fram til kynningar.  
8/2 Sjálfbærni-verkefni á Austurlandi . Fundur 10. Júní sl.  
Framkvæmdastjóri sem sótti fundinn að hluta sagði frá því helsta. Sem þar fór fram.

#### 9. Júlí fundur stjórnar SSA.

Samþykkt að júlí fundur stjórnar **verði mánudaginn 26.júlí nk.**

#### 10. Önnur mál :

10/1 Auglýsing um styrki 2010 í Minningarsjóð R.og S.P.  
Framkvæmdastjóri sagði að hann hafi gengið frá auglýsingu sem birtist í Dagskránni í næstu viku með umsóknarfresti til 27. júlí nk.

10/2 Opnun Gestastofu Skriðuklaustri 24.júní nk. .  
Borist hefur tilkynning um opnun stofunnar föstudaginn 24. júní nk.

10/3 Kynning á starfi SSA hjá sveitarstjórnarmönnum.  
VOH segir að m.a.í ljósi allmikilla manna -breytinga í sveitarstjórnnum sé æskilegt að góð kynning fari fram á starfi SSA og samstarfi SSA við stoðstofnanir.  
BHG velti upp hvernig mætti hugs sér að koma slíkri kynningu fyrir t.d. í tengslum við aðalafund SSA, en fyrir liggur að dagskrá er þegar orðin mjög þröng.(sjá 5.lið F)  
Fleira ekki tekið fyrir og formaður sleit fundi kl. 15.30.

Sign : Þorvaldur Jóhannsson

